

Hverfisráð Hríseyjar

50. fundur

Þriðjudaginn 14.september kl. 16:00 var 50. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Aðalsteinn Bergdal, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson. Einnig mættu á fundinn Eiríkur Björgvinsson bæjarstjóri og Geir K. Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar. Formaður setti fund og bauð gesti velkomna

Dagskrá

1. Kynningarfundur með bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar

Linda byrjaði á að segja frá hverfisráðinu hvenær það var stofnað og kynnti hvernig það starfar og fyrirhugaðar breytingar á Hverfisráðinu voru einnig ræddar, þegar því var lokið tók við umræður um málefni Hríseyjar og var farið yfir öll helstu mál sem snúa að eyjunni s.s.

Staðardagskrá 21 sagt frá hvernig hún var unnin fyrir sameiningu og hvernig staðan er í dag. Rætt um þjónustubíl.

Sorpmál, flokkun sorps og grænfáni

Félagsstarf bæði fyrir unglings og eldri borgara, Linda kynnti hugmyndir sem gætu komið þessu starfi í gang.

Samgöngumál bæði gatnakerfi og samgöngur milli lands og eyjar.

Íþróttamál, opnun sundlaugar, íþróttahús og sparkvöll

Félagslegar íbúðir, viðhald og fl.

Rætt var um að hafa íbúafund í október þetta árið en venjulega hefur hann verið í lok nóvember eða byrjun desember.

Málin voru rædd og spurningum gesta svarað.

Formlegum fundi lauk kl. 18:00 eftir það var farið út og keyrt um, komið við í íþróttamiðstöð, Húsi Hákarla-Jörundar og haldið áfram að sýna og kynna aðstæður hér í Hrísey.

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Frímán Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Guðrún Þorbjarnardóttir
Víðir Björnsson

Fundargerð skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur